



FVSA

90 ára
1930–2020

FÉLAG VERSLUNAR-
OG SKRIFSTOFUFÓLKIS
AKUREYRI OG NÁGRENNI

BLAÐIÐ

1. TBL. 34. ÁRG. 2020

Meðal efnis í blaðinu:

FVSA fagnar 90 ára afmæli

bls. 3

Ómetanleg tækifæri fyrir ungt fólk í útlöndum

bls. 5

Pistill: Stórkostlegt en erfitt ferðalag til Palestínu

bls. 8

Orlofshús og orlofsstyrkir 2020

bls. 12

Verðlaunakrossgáta

bls. 17

Stjórn og trúnaðarráð 2020-2021

Í stjórninni eiga sæti:

Eiður Stefánsson, formaður FVSA
Anna Kristín Árnadóttir, Norðlenska
Anna María Elíasdóttir, Rammi hf.
Halldór Óli Kjartansson, Markaðsstofa Norðurlands
Jón Grétar Rögnvaldsson, Penninn

Í varastjórn eru:

Agnes Reykdal, Byko
Hulda Björnsdóttir, Heimilistæki/Tölvulistinn
Stefán Jónsson, Rafeyri

Trúnaðarráð:

Trúnaðarráð félagsins er skipað 21 félagsmanni, þar af 5 stjórnarmönnum, 3 varastjórnarmönnum, 8 félagsmönnum sem trúnaðarmenn á vinnustöðum kjósa árlega úr sínum hópi og 5 félagsmönnum til viðbótar, sem kosnir eru á aðalfundi.

Auk stjórnar og varastjórnar sitja eftirfarandi félagsmenn í trúnaðarráði:

Anna Guðmundsdóttir, VÍS
Bára Waag Rúnarsdóttir, Hagkaup

Erla Bjarnadóttir, Höldur Hf.
Gestur Gunnar Björnsson, N1 Hörgárbraut og Leira
H. Heimir Geirdal, Nettó Glerártorgi
Hallveig Stefánsdóttir, Grófargil
Helga Eymundsdóttir, Blikkrás
Ingvar Gunnarsson, Byko
Jón Haraldur Lárusson, Húsasmiðjan
Margrét Júlía Óladóttir, Gæðabakstur
María Ingunn Tryggvadóttir, Nettó Hrísalundi
Sigurbjörg Gunnólfssdóttir, Primex ehf.
T. Anna Petra Lindberg, Rúmfatalagerinn

Til vara:

Anna Hafdís Jóhannesdóttir, Kjörbúðin Dalvík
Bergþóra Jóhannsdóttir, Frumherji
Eva Ósk Hafdísardóttir, Olís við Tryggvabraut
Júlía Gunnlaugsdóttir Poulsen, Kjörbúðin Ólafsfirði
Katrín Guðrún Pálsdóttir, CCEP
Kolbrún Lilja Kolbeinsdóttir, Baskó (Iceland)
Kristín Hjaltalín, Kjarnafæði
Margrét Pálsdóttir, Gæðabakstur
Ragna Ósk Ragnarsdóttir, Stórholt

Starfsdagur trúnaðarmanna

Starfsdagur trúnaðarmanna er árlegur viðburður FVSA þar sem trúnaðarmenn félagsins og stjórnir koma saman. Uppbyggileg fræðsla í bland við skemmtun er ævinlega á dagskrá og í ár var engin undantekning þar á. Starfsdagurinn var haldinn á Greifanum, þriðjudaginn 14. janúar, þar sem þátttakendur voru um 30 talsins. Dagurinn byrjaði á að Jóhann Þór Jónsson og Unnur Ósk Unnsteinsdóttir voru með fróðlegt erindi og kenndu þátttakendum skyndihjálpi. Að því loknu tók Helga Hrönn Óladóttir við en hún kemur frá Streituskólanum og talaði um einkenni og áhrif streitu. Eiður Stefánsson, formaður FVSA, tók því næst til máls og fór yfir stöðuna í kjaramálum. Deginum lauk síðan á kosningu þar sem trúnaðarmenn kusu átta aðalmenn og fjóra varamenn úr sínum röðum í trúnaðarráð fyrir starfsárið 2020-2021.



Trúnaðarmenn fengu m.a. kennslu í skyndihjálpi á starfsdeginum.

Ábyrgðaraðili: Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni. **Ritstjóri:** Ingibjörg Bergmann Bragadóttir.

Umbrot: Blek - blekhonnun.is **Forsíðumynd og myndir af starfsfólki:** Auðunn Níelsson. **Prentun:** Ásprent.

FVSA fagnar 90 ára afmæli í ár

Félag verslunar- og skrifstofufólks fagnar 90 ára afmæli sínu þann 2. nóvember 2020 og stendur ýmislegt til af því tilefni. Um þessar mundir er unnið að ritun bókar um sögu félagsins, auk þess hefur stjórn félagsins skipað sérstaka afmælisnefnd til að fagna þessum merka áfanga. Ákveðið var að halda upp á afmælið allt árið með ýmsum hætti og nú þegar er félagið t.a.m. búið að senda dagatal á hvert heimili á félagssvæði FVSA. Einnig bauð félagið félagsmönnum sínum á leiksýninguna *Djárnann á Myrká - Sagan sem aldrei var sögð*, í tilefni afmælisins. Vel var mætt í Samkomuhúsið þann 23. febrúar sl. en félagsmenn fylltu nánast þau 210 sæti sem stóðu til boða. Sýningin sló rækilega í gegn og félagsmenn skemmtu sér konunglega. Afmælisfögnuðurinn er hins vegar bara rétt að byrja, enda allt árið meira og minna til stefnu. Fleiri uppákomur og viðburðir tengdir afmælinu eru væntanlegir svo við biðjum félagsmenn og aðra áhugasama að fylgjast vel með og fagna stórafmælinu með okkur.



Jóhann Axel Ingólfsson og Birna Pétursdóttir fóru á kostum í leiksýningunni *Djárninn á Myrká*.

Veistu hvað stéttarfélagið þitt getur gert fyrir þig?

- Þú getur leitað til FVSA ef þú skilur ekki launaseðilinn þinn eða ef þér finnst brotið á þér á einhvern hátt í vinnu.
- Þú getur fengið endurgreitt að hluta skólagjöld, námskeið, sjúkraþjálfun, krabbameinsleit, líkamsrækt, sálfræðipjónustu, nudd, heyrnatæki, bílpróf, gleraugu, glasa/tækniþjónungun o.fl.
- Þú getur leigt íbúðir og sumarbústaði víðs vegar um landið, keypt ódýrari flugmiða innanlands og hótलगistingu gegnum stéttarfélagið þitt.

Veistu hvert hlutverk trúnaðarmanns í fyrirtækinu er og hvernig það nýtist þér?

Ef eitthvað bjátar á í vinnunni og þú vilt ekki, eða getur ekki, talað við yfirmann þá er trúnaðarmaður í fyrirtækinu þínu sem þú getur talað við í 100% trúnaði.

Kynntu þér alla þessa möguleika og meira til á vefsíðunni okkar www.fvsa.is

Starfsfólk FVSA

Aðalskrifstofa FVSA er í Skipagötu 14, á 3. hæð. Auk þess rekur félagið skrifstofu í Fjallabyggð. Skrifstofan er opin mánudaga til fimmtudaga frá kl. 08:00 til 16:00 og föstudaga frá kl. 08:00 til 13:00.

Félagsmenn eru ávallt velkomnir á skrifstofu félagsins að fá aðstoð varðandi kaup og kjör. Við tökum vel á móti þér!



Allar upplýsingar um starfsemi félagsins og réttindi félagsmanna er að finna á heimasíðu félagsins:

www.fvsa.is



Fylgdu okkur á facebook

www.facebook.com/fvsastettarfelag



Eiður Stefánsson,
formaður.



Eydís Bjarnadóttir,
þjónustufulltrúi.



Helgi Sveinbjörn Jóhannsson,
afgreiðslu- og fræðslufulltrúi.



Kristín Þorgílsdóttir,
skrifstofustjóri.

Starfsmenntasjóður - Vilt þú vera með?

Dú getur fengið:

Allt að 130.000 kr. á ári endurgreitt v/ skólagjalda (90% af námi/starfs- tengdu námskeiðsgjaldi/ráðstefnu- gjaldi). Uppsöfnun einstaklinga til þriggja ára verður því 390.000 kr. fyrir einu samfelldu námi.

Allt að 30.000 kr. á ári í tómstunda- styrk (50% af gjöldum og dregst frá hámarksstyrk).


Allt að 40.000 kr. á ári í ferðastyrk v/ náms (50% af gjöldum og dregst frá hámarksstyrk).

Á síðasta ári voru greiddir 506 styrkir til 418 einstaklinga vegna náms.

Greiddir voru:

- 110 styrkir vegna framhaldsnáms
- 144 styrkir vegna háskólanáms
- 64 styrkir vegna tómstundanáms
- 32 styrkir vegna starftengds símenntunarnáms
- 6 styrkir vegna ferðakostnaðar
- 14 styrkir vegna íslenskunáms fyrir útlendinga
- 136 styrkir vegna náms í öðru





Ómetanleg tækifæri fyrir ungt fólk í útlöndum

Ungir leiðtogar er námskeið sem ætlað er ungu fólki með það að markmiði að fræða það um verkalýðshreyfinguna og efla það sem leiðtoga, hvort sem er á vinnustaðnum eða á breiðari vettvangi. Námskeiðið samanstendur af þremur námslotum sem miða að því að styrkja ungt fólk í ræðumennsku, framkomu og sjálfsstyrk ásamt því að öðlast fjölbreytta þekkingu á verkalýðshreyfingunni. Námskeiðið styrkir enn frekari tengsl og samvinnu ungs launafólks, þvert á starfsgreinar og landshluta. Fyrstu tvær loturnar voru haldnar í Reykjavík, en sú þriðja í höfuðborg Belgíu, Brussel.

„Ég hélt að þetta væri ekkert í boði fyrir nýliða eins og mig“

Eva Ósk var fulltrúi FVSA á námskeiðinu en hún fór að eigin sögn blint út í ævintýrið í Brussel. Eva er starfandi trúnaðarmaður hjá Olís og situr í trúnaðarráði hjá FVSA. Hún var tiltölulega nýbyrjuð sem trúnaðarmaður þegar hún mætti á sinn fyrsta viðburð hjá félaginu, starfsdag trúnaðarmanna, og hugmyndinni að fara til Belgíu var skotið að henni. „Ég var svo ný að ég var ekkert að stökka á þetta. Ég hélt að þetta væri ekkert í boði fyrir nýliða eins og mig. En þegar umsóknarfresturinn var að renna út þá hringdu þau í mig og spurðu hvort ég vildi ekki prófa þetta. Og ég bara svona jú, hví ekki? Ef þetta á að efla mann eða þannig þá er bara að slá til.“

Ótrúlegt að læra svona mikið á stuttum tíma - „Setti mann algjörlega út fyrir þægindarammann“

Þegar komið var til Brussel fóru ungu leiðtogarnir, fulltrúar frá ýmsum stéttarfélagum á landinu, að skoða sig um í borginni. Þar heimsóttu þau verkalýðssamtök og stofnanir tengdar verkalýðshreyfingunni, ásamt því að fara á skemmtileg námskeið. „Það má segja að Brussel sé svona höfuðstöðvar Evrópu varðandi Verkalýðshreyfinguna. Ég var svo heppin að þetta var virkilega góður hópur fólks sem ég fór út með og þarna voru frábærir leiðbeinendur og fyrirlesarar,“ segir Eva og bætir við að það hafi einna helst komið henni á óvart hvað hún lærði mikið á svona stuttum tíma.



Ungi leiðtogarnir saman komnir í Brussel.

Eins mikið og hún lærði um verkalýðshreyfinguna, þá lærði hún ekki síður mikið sem nýttist henni persónulega. Meðal annars var farið á ræðunámskeið, spunanámskeið og fleira sem krafðist þess að fara út fyrir þægindarammann. „Þetta var alveg einstök upplifun sem ég er virkilega þakklát fyrir að hafa fengið tækifæri til að taka þátt í. Þetta er eitthvað sem ég get klárlega nýtt mér í daglegu lífi og setti mann algjörlega út fyrir þægindarammann sem var mjög gott að vissu leyti. Mér fannst ég læra alveg helling og þetta vakti mikinn áhuga og umhugsun. Ég mæli alveg klárlega með þessu.“ Aðspurð hvort hún færi aftur ef tækifæri gæfist til segir hún, án þess að hika, að það sé ekki spurning.

Ómetanlegt að fara út með skemmtilegu fólki til Brussel

Eva er handviss um að ef ungt fólk vissi meira um starfsemi stéttarfélaganna og þá möguleika sem eru í boði væri slegist um tækifærin. Þá geti ekki annað verið en að fara í frábæra ferð til útlanda með skemmtilegu fólki og fá fræðslu í þáttum sem efla þig persónulega, þér að kostnaðarlausu, vekji áhuga. „Það þarf bara að kveikja áhuga, segja fólki hvað þetta er og um hvað þetta snýst og auðvitað hvað það getur fengið út úr þessu. Þá trúir ég ekki öðru en að það yrði slegist um að fara þarna út,“ segir hún.

Þorði ekki að sækja um ferðina í fyrstu

Eva segist einstaklega þakklát fyrir tækifærið að fara á námskeiðið, bæði í Reykjavík og svo í Brussel. Hún hafi verið óviss um að fara en ótrúlega ánægð með að stéttarfélagið hafi veitt henni stuðning og hvatningu til að skella sér út. Hún hvetur ungt fólk til að kynna sér möguleikana sem eru í boði hjá stéttarfélaginu og hafa opinn hug fyrir þessari einstöku upplifun. „Fólk á mínum aldri veit ekkert af þessu. En það kannski fer að breytast núna.“



Aðalfundur FVSA

Aðalfundur félagsins var haldinn í Alþýðuhúsinu á Akureyri mánudaginn 24. febrúar sl. Mæting á fundinn var mjög góð og félagsmenn gæddu sér á léttum veitingum meðan þeir gerðu upp starfsemi félagsins á nýliðnu ári. Halldór Óli Kjartansson var skipaður fundarstjóri og setti fundinn. Eiður Stefánsson, formaður FVSA, tók því næst til máls þar sem hann fór yfir kjaramálin og ársskýrslu stjórnar.

Farið var lauslega yfir alla viðburði og verkefni félagsins á síðasta ári en ársskýrsluna má nálgast í heild sinni á heimasíðu FVSA. Hermann Brynjarsson, endurskoðandi, fór yfir ársreikninga félagsins 2019 og að því loknu var stjórnarkjóri lýst. Arnbjörg Jónsdóttir, sem sat í varastjórn félagsins á síðasta ári, kom og sagði fundargestum frá ferð sinni til Palestínu með ASÍ í október sl. Frásögn hennar af ferðinni og ástandinu í Palestínu var sláandi og virkilega fróðleg en nánar er fjallað um ferðina á bls. 8 í blaðinu.

Signýju Sigurðardóttur var sérstaklega þakkað fyrir vel unnin störf í þágu félagsins en hún hefur setið í stjórnnum og ráðum félagsins í 18 ár. Signý fór fyrst að vinna fyrir félagið árið 2002 þegar hún var kjörin trúnaðarmaður í Nettó. Þá var hún varamaður í trúnaðarráði frá árinu 2006 og varamaður í stjórn sjúkrasjóðs til ársins 2015, þegar hún kom inn sem aðalmaður í stjórn sjúkrasjóðs.

Almenn sátt í samfélaginu um kjarabætur til láglaunafólks

Eiður Stefánsson hóf ræðu sína á að rifja upp kjaramál á nýliðnu ári þar sem samningaviðræður við SA (Samtök atvinnulífsins) stóðu sem hæst. LÍV (Landssambandi íslenskra verslunarmanna) var falið samningsumboð FVSA í kjaraviðræðunum en þær hófust í lok árs 2018. Eiður nefnir að fall WOW Air hafi valdið mikilli óvissu um hver áhrifin yrðu á íslenskt efnahagslíf og hafi því haft mikil áhrif á samningaviðræður. „Í byrjun apríl var þó skrifað undir kjarasamning LÍV við SA sem felur í sér nýja nálgun til bættra lífskjara. Áhersla á kjarabætur til þeirra sem hafa lægstu launin er rauði þráðurinn í samningnum en um það er



Signý fékk þakklætisvott fyrir störf sín í þágu félagsins.

almenn sátt í samfélaginu. Samið var um krónutöluhækkanir eins og lagt var upp með í upphafi samningaviðræðna en þar sem launahækkanir eru að hluta tengdar þróun hagvaxtar, þá er gert ráð fyrir árlegri endurskoðun taxtalauna í ljósi launapróunar á almennum vinnumarkaði.“ Þá er eitt meginmarkmið samningsins að stuðla að vaxtalækkun sem eykur ráðstöfunartekjur heimilanna. Auk þess var vinnuvikan stytta, en það var eitt helsta áherslumál LÍV í samningaviðræðunum.

Bjartsýnn á framhaldið með lækkandi verðbólgu og stýrivöxtum

Eiður sagði það fagnaðarefni að stýrivextir Seðlabanka Íslands hafi lækkað úr 4,50% í 2,75% síðan samningar voru undirritaðir. Þá hafi verðbólga minnkað hratt í janúar þar sem hún mældist 1,7% en það er minnsta verðbólga sem mælt hefur síðan haustið 2017. „Þessu ber að fagna. Stuðningur stjórnvalda við lífskjarasamninga var upp á 80 milljarða og átti að leggja áherslu á lengra fæðingarorlof, lægri tekjuskatt, auknar barnabætur og auðveldari íbúðakaup. Ríkisstjórnin hefur komið hluta af þessu í framkvæmd meðan annað er í vinnslu og er ég frekar bjartsýnn með framhaldið,“ sagði Eiður að lokum.

„Án verkfallsréttar yrði ekkert velferðarsamfélag á Íslandi.“

Eiður Stefánsson, formaður FVSA, hafði unnið þjónustustörf í aldarfjórðung og sinnt stjórnarstörfum fyrir félagið áður en hann tók við sem formaður árið 2015. En spurningin er, hvað er það sem dregur mann af hliðarlínunni og í fremstu víglínu stéttabaráttunnar?

„Ég hef brennandi áhuga á bættum kjörum. Maður var að vinna láglaunastörf og var mjög ósáttur með ástandið. Ég var bara reiður, ungur maður og var eiginlega kominn á þá skoðun að það þyrfti að leggja niður verkalyðshreyfinguna yfir höfuð, mér fannst þetta bara handónýtt,“ segir Eiður léttur í bragði en bætir við að hlutirnir hafi ekki verið alveg eins svartir og hvítir og hann hélt þá. „Þegar ég fer af krafti inn í félagið sé ég að þarna voru auðvitað allir að leggja sig 100% fram. Maður er víst ekki bara að semja við sjálfan sig, það eru einhverjir þarna á móti sem eru ekkert alveg sammála þér og þá þarf að ná einhverri málamiðlum sem kannski hvorugur aðillinn er fyllilega sáttur við.“

Gengur aldrei sáttur frá samningaborðinu

Með breyttu viðhorfi segist hann hafa þurft að sætta sig við að þetta er ekki eins auðvelt og það lítur út fyrir að vera. Það sé stanslaus barátta að hækka lægstu launin en um leið og það tekst hækka öll önnur laun og vöruverð sömuleiðis. „Þetta var hringekjan okkar í gegnum tíðina, svona eins og að moka upp úr sama skurðinum endalaust. En verðbólga hefur róast og nú er aðeins meiri stöðugleiki í efnahagslífinu svo við höfum náð ágætis hækkunum, þó svo að við séum aldrei sátt,“ segir Eiður sem hefur farið í gegnum tvönnu kjarasamninga á síðustu árum en segist aldrei hafa gengið fyllilega sáttur frá samningaborðinu. „Ég hef alltaf fengið samviskubitt og verið bitur yfir samningnum, en það er bara þannig. Maður fer af stað með einhverjar væntingar og svo er það ekki alveg eins og maður vildi. Það þýðir þó ekki að samningurinn sé slæmur,“ bætir hann við.

Verkfallsfrí stéttarfélag ákveðið vandamál

Eiður segir það áhyggjuefni að fólk sé farið að segja sig úr hefðbundnu stéttarfélagunum og fara í önnur félög sem stæra sig af því að fara ekki í verkföll. Félag sem hafa meira eða minna tekið réttindi úr öðrum kjarasamningum sem önnur félög hafa barist fyrir og gert að sínu eigin. Það skipti



Eiður Stefánsson, formaður FVSA.

svo miklu máli að einstaklingar séu í því stéttarfélagi sem kjarasamningurinn segir til um.

Hann er hins vegar mikill talsmaður sameiningar stéttarféлага og nefnir að sameining féлага á landsvísu gæfi þeim meira vogarafl í kjarabaráttunni og greiðari leið til að gera betur fyrir félagsmenn sína. Þannig mætti sjá fyrir sér eitt félag fyrir verkamenn, annað fyrir verslunarfólk, iðnaðarmenn, sjómenn o.s.fv. með tilheyrandi undirdeildum.

„Ef við höfum ekki verkfallsrétt gætum við allt eins lagt niður stéttarfélag“

Undanfarið hefur átt sér stað hávæð umræða um hvort verkföll séu nauðsynleg. Hann segir það gamla sögu og nýja að atvinnurekendur haldi slíkum áróðri á lofti, að verkföll séu úrelt. Eðlilega vilji þeir ekki verkfall, og ekki stéttarfélagið heldur, en stundum sé það nauðsynlegt. Ef sagan sé skoðuð þá hefur verkfallsvopnið, hvort sem því sé beitt eða ekki, skilað öllum þeim árangri sem unnist hefur í kjarabaráttunni. „Ef við höfum ekki verkfallsrétt þá gætum við alveg eins lagt niður stéttarfélag. Þá ertu ekki með neitt í höndunum. Það er ekki af góðmennsku sem atvinnurekendur semja við okkur. Til þess að ná fram bættum kjörum hafa félagsmenn okkar innan ASÍ barist í rúm hundrað ár fyrir þeim réttindum sem við höfum í dag og það hefur kostað blóð, svita og tár og fullt af verkföllum í gegnum árin,“ segir hann.

Baráttunni hvergi nærri lokið

Aðspurður segir Eiður að almennt hafi hellingur áunnist frá því að hann var reiður ungur maður en baráttunni sé hvergi nærri lokið samt sem áður. „Ég hef lært mikið á þessum tíma en ég held að það gætu liðið 20 ár í viðbót og ég verð ekki búin að ná öllu því sem ég hefði viljað ná í mínu starfi, hlutirnir gerast bara miklu hægar en maður hélt í upphafi. Harkan í samningaviðræðum er að aukast, atvinnurekendur gera auknar kröfur um sölu á réttindum í skiptum fyrir launahækkanir og ég óttast að barátta stéttarféлага í komandi framtíð verði að standa vörð um áunnin réttindi. En ég held fast í vonina að samfélagið fari að breytast og þá breytist baráttan með. Vonandi verður samfélag með lægri vöxtum og bættu ástandi fyrir ungt fólk á fasteigna- og launamarkaði,“ segir Eiður að lokum.

AÐ FARA TIL PALESTÍNU ER STÓRKOSTLEGT EN ERFITT FERÐALAG

„Við erum hluti af stærri heild og okkur ber skylda til að standa ekki á sama“



ASÍ skipulagði fræðslu- og kynnisferð fyrir starfsfólk sitt og aðildarfélag á síðasta ári þar sem 20 fulltrúar, auk fararstjóra, héldu til Palestínu dagana 27. október til 2. nóvember. Markmið ferðarinnar var að kynna sér aðstæður Palestínumanna frá fyrstu hendi, þar sem ASÍ hafði skipulagt fundi með ráðamönnum Palestínu, verkalyðshreyfingum og friðarhreyfingum. Auk þess voru öll helstu kennileiti landsins skoðuð, þ.á.m. heimaslóðir Jesú Krists, Dauðahafið og margt fleira sem fulltrúarnir tuttugu munu aldrei gleyma. Arnþjórg Jónsdóttir, vara- maður í stjórn félagsins 2019, var fulltrúi FVSA og fór út fyrir hönd félagsins. Við gefum henni orðið:

Ég hélt ég væri að undirbúa mig undir ferðalag eins og hvert annað. Ég tel mig ágætlega sjóaða í ferðalögum og var nýbúin að ferðast til Færeyja og fannst það skemmtilegur samanburður að kortleggja undirbúning minn fyrir báðar ferðir. Ég áttaði mig á því að augljóslega væri það ekki eins upplifun að vera í Færeyjum og í Palestínu, en mig langaði til að sína fram á það að ferðalagið sem slíkt, frá því að ferðast út á flugvöll, sitja í flugvél og lenda á erlendum flugvelli væri eins. Mögulega var ég að sannfæra sjálfa mig um að þetta ferðalag væri ekkert mál og ekki frábrugðið öðrum ferðalögum sem ég hef lagt í, þó landið væri vissulega framandi.

Ég hafði bæði rétt og rangt fyrir mér um hversu öruggt væri að heimsækja Palestínu

Það kom fát á fólk þegar ég sagði þeim frá því hvert ég væri að fara. Er öruggt að heimsækja Palestínu? „Auðvitað,“ sagði ég, „þarna býr bara fólk eins og ég og þú sem lifir sínu daglega lífi þrátt fyrir áskoranir, við erum vestrænn hópur á ferðalagi og það fer enginn að abbast upp á okkur.“ Ég hafði bæði rétt og rangt fyrir mér. Það er rétt að fólk lifir sínu daglega lífi í skugga kúgunar og átaka. Palestínumenn eru einstaklega gestrisnir og taka fagnandi og höfðinglega á móti fólki sem sækir það heim. Ég hafði rangt fyrir mér að því leytnu til að það væri auðvelt og sjálfsagt að ferðast til og frá Ísrael, hvað þá Ísraels og Palestínu.

Án þess að fara út í mikla sagnfræði þá er Palestína hernumin af Ísrael. Oslóar-samningurinn svokallaði, sem var undirritaður 1993, kvað á um að Palestína yrði fullvalda ríki og setti fram áætlun um að Ísrael skilaði palestínskum landsvæðum. Það hefur ekki gerst og ennþá rísa landtökubýggðir (ránsbyggðir) á Vesturbakkanum. Ísraelski herinn stendur vörð um inn- og útgönguleiðir frá Vesturbakkanum sem og inn í palestínskar borgir. Einnig hafa ísraelsk stjórnvöld byggt vegg, sem er bæði hærrí og lengri en Berlínarmúrinn, til að stúka af Vesturbakkann frá Ísrael.

Borgarkort með öllum helstu kennileitum borgarinnar og flóttamannabúðum

Fararstjórinn sagði okkur að við ættum að njóta þess sem við værum að fara að sjá og upplifa, einar mestu söguslóðir heims, og það var ýmislegt skemmtilegt sem við sáum og gerðum í þessari ferð. Við heimsóttum t.d. fæðingarkirkju frelsarans í Betlehem, fetuðum slóð Jesú Krists í Jerúsalem, létum okkur fljóta í Dauðahafinu og stóðum í fótsporun Jóhannesar skírara við bakka Jórdan ár. Það var einnig æðislegt að eyða hluta úr degi á röltinu í góðum félagsskap um Ramallah, höfuðborg Palestínu. Við fengum ráðleggingar og kort frá hótélstarfsmanni um hvert við ættum að fara. Kortið var líkt og mörg önnur borgarkort sem gerð eru fyrir ferðamenn, helstu kennileiti og sögustaðir voru þar merkt inn á. Það sem gerði þetta borgarkort aftur á móti frábrugðið öðrum kortum sem ég hef handleikið voru flóttamannabúðirnar sem einnig voru merktar inn á kortið. Það eru tvennar flóttamannabúðir í Ramallah.

Eins situr í mér kvöldgangan að grátmúrnum í Jerúsalem. Þar var fólk sem trúir svo innilega á Guð sinn og mátt bænarinna að mér leið eins og ég væri boðflenna á sama tíma og ég heillaðist með af mætti hennar. Önnur ógleymanleg kvöldganga var þegar hópurinn gekk meðfram aðskilnaðarveggnum í Betlehem. Veggurinn sem þverar borgina hefur breyst í einskonar safn þar sem listafólk hefur leyft sköpunarkrafti sínum að njóta sín við að koma fram skilaboðum í máli og myndum um ástandið. Þessar kvöldgöngur að tveimur múrum voru ólíkar en báðar áhrifamiklar.

Mikið atvinnuleysi, lágmarkslaun og kynbundinn launamunur

En þetta var ekki skemmtiferð, þó vissulega hafi oft verið gaman eins og er yfirleitt þegar hópur fólks ferðast saman. Við hittum fólk, hlustuðum á sögur og heyrðum staðreyndir Palestínumanna um vinnumarkaðinn, baráttu sína fyrir

réttindum og frelsi. Við horfðum t.d. á myndbönd þar sem ísraelskir hermenn beita friðsama mótmælendur ofbeldi, einn var meira að segja tekinn af lífi með bundið fyrir augun. Við heyrðum sögur af því þegar herinn ræðst inn í borgir, setur á útgöngubann og fer um með valdi og jafnvel ofbeldi. Atvinnuleysi er mikið í Palestínu, sérstaklega á meðal ungs fólks og kvenna. Fólk fær greidd lágmarkslaun, oft undir lágmarks framfærsluviðmiði, og kynbundinn launamunur er mikill. Hópurinn sem er hvað verst settur á vinnumarkaði er sá sem starfar í Ísrael. Verkafolk sem vinnur í Ísrael þarf að fara í gegnum svokallaðar landamærastöðvar (e. checkpoints) í gegnum vegginn sem getur tekið 2-4 tíma hvora leið og bætist sá tími við hinn hefðbundna vinnudag. Til að mega vinna í Ísrael þarf fólk einnig að vera með vinnuheimild. Vinnuveitendur draga háa upphæð af launum fólks sem greiðslu fyrir vinnuheimild á meðan aðrir starfa ólöglega í Ísrael og eru þá réttindalausir með öllu. Palestínskir verkamenn sem slasast við vinnu fá ekki læknisþjónustu í Ísrael heldur er þeim komið aftur til Palestínu og ekki allir lifa þá för af. Á þeim tíma sem við vorum í Palestínu höfðu 26 palestínskir verkamenn látist af völdum vinnuslysa árið 2019.

Mesta áskorunin að gefa börnum sem alast upp í þessum aðstæðum von og vilja til að lifa

Það var þó dagurinn sem við eyddum í borginni Nablus sem hreyfði hvað mest við mér. Sá dagur spilaði á alla mína tilfinningastrengi. Hann hófst á fundi í höfuðstöðvum Alþýðusambands Palestínu, Palestine General Federation of Trade Union (PGFTU). Eftir þann fund fór formaður stéttarfélagins í ferðapjónustu í Nablus með okkur í ótrúlegt ferðalag þar sem hann leiddi okkur um stræti og torg borgarinnar og dældi í okkur fróðleik og sögum. Leiðsögn hans endaði svo á því að fara með okkur inn í Balata flóttamannabúðirnar sem eru reknar af Sameinuðu Þjóðunum. Hann ítrekaði að hann væri ekki að fara með okkur þarna um til þess að sýna fólkið sem þar býr líkt og dýr í dýragarði, heldur vildi hann að við sæjum með eigin augum hvernig aðbúnaðurinn í slíkum búðum er. Í flóttamannabúðunum búa 27.000 manns en búðirnar voru útbúnar til að hýsa 5000 manns. Byggingarnar eru háreistar og byggðar svo þétt saman að dagsbirtan nær ekki á milli þeirra, loftgæðin eru ömurleg og auðvelt að fá innilokunarkennd á milli húsanna. Fólkið býr svo þétt að næðið verður lítið sem ekkert. Það var erfitt fyrir Íslending að ímynda sér að búa í þessu myrkri með nefið ofan í næsta manni. Einhverjir gætu spurt sig af hverju fólkið flytji ekki í burtu en ég spyr á móti: hvert á fólkið að flytja? Það á lítið sem ekkert og hefur ekki efni á að kaupa sér húsnæði annarsstaðar eða festa kaup á landsvæði til að byggja sér húsnæði. Þetta eru ein mestu áhrif stríðsátakanna, sem bitna á komandi kynslóðum flóttafólks, sem neyðist til að flýja heimili sín. Heilu kynslóðirnar eru dæmdar til að lifa í fátækt. Leiðsögumaðurinn sagði okkur einnig frá ungmennastarfi búðanna og að það væri ein mesta áskorunin að innræta í börnum, sem alast upp við þessar aðstæður, von og vilja til að lifa.



Efri mynd: Hluti hópsins við listaverk Banksy: Armored Dove í Betlehem. Neðri mynd: "Resist to Exist" veggjakrot í borginni Nablus til áminningar um viljann til að lifa, en í borginni er það mjög algengt að ungir krakkar gerist píslarvottar.

Blákaldrur sannleikurinn um raunveruleika flóttafólks

Eftir á að hyggja var þessi dagur í Nablus hálf óraunverulegur. Á sama degi og ég keypti mér handunnar ólífusápur og krydd sem hamingjusamur ferðalangur á framandi slóðum var ég slegin í andlitið með hundvotri tusku um raunveruleika flóttafólks og áhrifin sem þessi átök hafa haft og hafa enn á Palestínumenn. Ég taldi mig vel upplýsta en þegar maður mætir á svæðið áttar maður sig á alvöru hlutanna. Ég fann fyrir vorkunn og samhygd, en ég skammaðist mín svo fyrir það að vorkenna þessu fólki. Vorkunn mín aðstoðar ekki flóttafólk eða breytir þeirra aðstæðum, rétt eins og það er varla hrós að segja fólki hvað það sé duglegt þegar það er bara að gera sitt besta við að spila úr þeim spilum sem því var gefið. Það var hins vegar þannig að ég hafði ekkert að gefa á þessari stundu nema samhygd og kaup á vörum og varningi til styrktar búðunum. Þessi reynsla var góð kennslustund í forréttindablindu, þegar í ljós kemur hversu heppið fólk er sem fæðist hér á landi með öllum þeim forréttindum sem því fylgir.

Okkur ber skylda að gefa náunganum gaum

Hvernig er hægt að koma þessum tilfinningum og upplifunum í orð án þess að hljóma yfirdrífinn eða falskur? Ég hef reynt að henda reiður á þessar tilfinningar og er ekki alveg viss hver útkoman er. En eitt er kýrskýrt í mínum huga. Við erum hluti af stærri heild, lifum í alþjóðlegu samfélagi og okkur ber skylda til þess að veita náunganum gaum og vera ekki sama um þau mannréttindabrot og stríðsátök sem eiga sér stað víðsvegar um heiminn. Það er vissulega ærið verkefni og ekki einfalt, brotin eru víða og nógu erfitt er að vera tilfinningavera í nútímasamfélagi sem laust er við hernað og átök. En eitt af því fáa sem ég get gert eftir þessa ferð er að segja frá því sem ég sá og upplifði í Palestínu, því þetta er eitt það stórkostlegasta ferðalag sem ég hef lagt upp í og heimssýn mín er ekki söm á eftir.

Litið inn á vinnustaði félagsmanna

Við litum inn á vinnustaði nokkurra félagsmanna FVSA við störf, í þeim tilgangi að kanna hversu margir þekkja starfsemi stéttarfélagins og hvað það getur gert fyrir þá. Talað var við félagsmenn á aldrinum 18-29 ára og þeir spurðir spurninga um hvort þeir hefðu nýtt sér styrki eða starfsemi félagsins að einhverju leyti, hvort þeir þekki hlutverk trúnaðarmanns og hvaðan

þær upplýsingar sem þeir hafa um félagið koma. Þetta er í fjórða sinn sem litið er inn á vinnustaði með þessum hætti og skemmtilegt að segja frá því að ungir félagsmenn virðast meðvitaðri um réttindi sín og möguleika innan félagsins núna en þeir hafa verið undanfarin ár.



Jason Smári Karlsson, 18 ára - Rúmfatalagerinn

Veistu hvað stéttarfélagið þitt getur gert fyrir þig? Nei.

Hefurðu nýtt þér þjónustu stéttarfélagins eitthvað? Nei, hef ekki gert það ennþá.

Veistu hvert hlutverk trúnaðarmanns í fyrirtækinu er og hvernig það nýtist þér? Já og nei.

Hefur einhver sagt þér frá þjónustu stéttarfélagins og/eða veistu hvar þú getur fundið þær upplýsingar? Já, bara á netinu.

Einar Friðfinnur, 24 ára - Heimilistæki

Veistu hvað stéttarfélagið þitt getur gert fyrir þig? Já, ég hef ekki kynnt mér öll kjör en veit af gleraunastyrkjum, ræktarkortum o.fl.

Hefurðu nýtt þér þjónustu stéttarfélagins eitthvað? Hef ekki enn nýtt mér orlofshús og svoleiðis en það sem ég var að nefna hef ég nýtt mér.

Veistu hvert hlutverk trúnaðarmanns í fyrirtækinu er og hvernig það nýtist þér? Ég veit hver hann er í mínu fyrirtæki og til hvers hann er en hef ekki þurft að leita til hans ennþá, sem betur fer.



Þóra Kristín Þórarinsdóttir, 25 ára - Skóbúðin Glerártorgi

Veistu hvað stéttarfélagið þitt getur gert fyrir þig? Nei, ég hef ekki hugmynd.

Hefurðu nýtt þér þjónustu stéttarfélagins eitthvað? Nei.

Veistu hvert hlutverk trúnaðarmanns í fyrirtækinu er og hvernig það nýtist þér? Já, aðili sem maður getur talað við í staðinn fyrir yfirmann, svona milliliður nokkurn veginn.

Hefur einhver sagt þér frá þjónustu stéttarfélagins og/eða veistu hvar þú getur fundið þær upplýsingar? Ef ég myndi gera það þá myndi ég sennilega bara googla það.

Nína Rún Sigurðardóttir, 24 ára - 66°Norður

Veistu hvað stéttarfélagið þitt getur gert fyrir þig? Nei ekki alveg. Ég hef búið frekar lengi í Bandaríkjunum svo að ég þekki ekki alveg allt eins vel hér.

Hefurðu nýtt þér þjónustu stéttarfélagins eitthvað? Ég hef heyrt um ýmislegt en ekki nýtt mér það ennþá.

Veistu hvert hlutverk trúnaðarmanns í fyrirtækinu er og hvernig það nýtist þér? Maður á að geta talað við trúnaðarmann já.

Hefur einhver sagt þér frá þjónustu stéttarfélagins og/eða veistu hvar þú getur fundið þær upplýsingar? Á heimasíðunni þeirra bara.





Brynja Jóhannsdóttir, 29 ára - Hótel Kea

Veistu hvað stéttarfélagið þitt getur gert fyrir þig? Orlofsíbúðir og sjúkrastyrkir t.d. með ræktarkort og fleira.

Hefurðu nýtt þér þjónustu stéttarfélagsins eitthvað? Já, t.d. í líkamsræktarkort.

Veistu hvert hlutverk trúnaðarmanns í fyrirtækinu er og hvernig það nýtist þér? Já, hann tekur á móti kvörtunum frá starfsfólki sem kemur því nafnlaust til skila til yfirmanna.

Hefur einhver sagt þér frá þjónustu stéttarfélagsins og/eða veistu hvar þú getur fundið þær upplýsingar? Sótti mér þessar upplýsingar á netinu bara.

Haraldur Orri Arnarsson, 18 ára - Sambíóin

Veistu hvað stéttarfélagið þitt getur gert fyrir þig? Já og nei, t.d. námsstyrkur það er svona það sem ég veit fyrir víst allavega.

Hefurðu nýtt þér þjónustu stéttarfélagsins eitthvað? Hef nýtt mér styrk fyrir skólagjöldum.

Veistu hvert hlutverk trúnaðarmanns í fyrirtækinu er og hvernig það nýtist þér? Nei, ég get ekki sagt það.

Hefur einhver sagt þér frá þjónustu stéttarfélagsins og/eða veistu hvar þú getur fundið þær upplýsingar? Amma mín vinnur við launamál og hvetur mig til að heyra í FVSA ef eitthvað er að launum og fylgjast með. En það hefur ekkert komið upp ennþá, en ég veit allavega af þeim ef það gerist!



Atli Freyr Mariönnuson, 22 ára - Shell

Veistu hvað stéttarfélagið þitt getur gert fyrir þig? Já, nokkurn veginn.

Hefurðu nýtt þér þjónustu stéttarfélagsins eitthvað? Hef nýtt mér hana í skólagjöld og frístundastyrk t.d.

Veistu hvert hlutverk trúnaðarmanns í fyrirtækinu er og hvernig það nýtist þér? Já, maður getur talað við trúnaðarmann ef maður hefur einhverjar spurningar.

Hefur einhver sagt þér frá þjónustu stéttarfélagsins og/eða veistu hvar þú getur fundið þær upplýsingar? Bara inn á heimasíðunni hjá þeim t.d.

Heiða Ósk Guðmundsdóttir og Sara Hlín Hauksdóttir, 23 ára - Body Shop

Veistu hvað stéttarfélagið þitt getur gert fyrir þig? Ábyggilega ekki allt saman en t.d. skólastyrk, ræktarstyrk, gleraugnastyrk og til að tékka réttindin þín á vinnustað.

Hefurðu nýtt þér þjónustu stéttarfélagsins eitthvað? Já, í alla þessa hluti.

Veistu hvert hlutverk trúnaðarmanns í fyrirtækinu er og hvernig það nýtist þér?

Sara: Ekki kynnt mér trúnaðarmann mikið. Heiða: Jú, ég hef talað við trúnaðarmann til að athuga með launin mín t.d.

Hefur einhver sagt þér frá þjónustu stéttarfélagsins og/eða veistu hvar þú getur fundið þær upplýsingar? Sara: Já, á netinu og frá mömmu og pabba. Heiða: Já, ég hringi alveg reglulega og spyr út í eitthvað.



Ert þú með spurningar til félagsins ?

Ef það er eitthvað sem þú vilt vita, sendu okkur þá fyrirspurn í netfangið fvsa@fvsa.is eða þú getur sent okkur skilaboð í gegnum facebook síðuna okkar: [facebook.com/fvsastettarfelag](https://www.facebook.com/fvsastettarfelag)



Mynd: Þóður Halldórsson.

Ég fer í fríð

Félagsmönnum FVSA bjóðast fjölbreyttir valkostir í sumar hvað varðar sumarhús, íbúðir og aðra styrki. Umsóknarfrestur um orlofshús, útilegukort og „viku að eigin vali“ er til 25. mars 2020.



Inneignarbréf hjá Air Iceland Connect

Félagsmenn geta einnig keypt inneignarbréf frá Air Iceland Connect að upphæð 10.000 kr. en greiða einungis 6.000 kr. fyrir.



Útilegukort

25 útilegukort verða til úthlutunar hjá félaginu en einnig verður kortið til sölu á skrifstofunni á 18.900 kr. Útilegukortið gildir á 42 tjaldsvæði. Nánari upplýsingar á vefnum: www.utilegukortid.is



Veiðikortið

Veiðikortið verður áfram til sölu á skrifstofu félagsins á Akureyri á 6.300 kr. en það gildir á 34 vatnasvæðum. Nánari upplýsingar á vefnum: www.veidikortid.is

FOSSHOTEL

Niðurgreiddir gístimíðar

Líkt og undanfarin ár mun félagið selja niðurgreidda gístimíða á Fosshótelin á 11.000 kr. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu okkar: www.fvsa.is.

Vika að eigin vali

Auk orlofshúsa býður félagið upp á 100 orlofsstyrki sem bera heitið „vika að eigin vali“. Um er að ræða 26.000 kr. styrki vegna ferðakostnaðar á árinu 2020, þ.e. flug og/eða gisting.

Athugið

Hver félagsmaður getur að hámarki keypt 4 miða samanlagt á hverju almanaksári af gístimíðum og inneignarbréfum.

Sótt er um orlofshús, „viku að eigin vali“ og útilegukort á félagavefnum www.fvsa.is. Allar nánari upplýsingar um húsin eru inn á vefnum. Einnig er hægt að fá aðstoð á skrifstofu félagsins.

Allar íbúðir og bústaðir félagsins eru **reyklausir** og **stranglega bannað** að hafa í þeim gæludýr. Komið hafa upp slæm ofnæmistilfelli vegna þeirra.

ORLOFSHÚS - SUMARLEIGA

Íbúðir í Reykjavík

Félagið á fjórar íbúðir í Mánatúni 3 og 5 í Reykjavík, ásamt tveimur íbúðum í Mánatúni 13. Íbúðirnar eru í alla staði mjög vandaðar og glæsilegar en allar eru þær með rúmgóða stofu, vel búið eldhús með uppþvottavél, baðherbergi með sturtu og þvottahús með þvottavél og þurrkara.

Tveggja herbergja íbúð - 26.000 kr. vikan

Eitt svefnherbergi er í íbúðinni með gístaðstöðu fyrir tvo, að auki er veggrúm í stofu sem tveir geta sofnað í, ferðabarnarúm og barnastóll.

Þrjár þriggja herb. íbúðir - 32.000 kr. vikan

Tvö svefnherbergi eru í íbúðunum með gístaðstöðu fyrir sjö manns, auk barnarúms og barnastóls.

Fjögurra herb. íbúð - 37.000 kr. vikan

Þrjú svefnherbergi eru í íbúðinni með gístaðstöðu fyrir 10 manns, auk barnarúms og barnastóls.



ATH: Ekki er hægt að leigja lín. Taka þarf með sér lín á rúm og handklæði. Gasgrill fylgja ekki íbúðunum. Nettenging er í öllum íbúðum.

Skiptidagar: Íbúðirnar eru leigðar í viku í senn yfir sumartímann og skipt á miðvikudögum. Íbúðirnar eru til afhendingar kl. 17 en dvalargestir þurfa að skila íbúðunum kl. 13 á skiptidögum.

Lyklar: Afhentir á skrifstofu FVSA.

Leigutímabil: Sumarleiga frá 3. júní til 26. ágúst.

Skógarsel, Vaglaskógur

Glæsilegt sumarhús á skemmtilegum stað á bökkum Fnjóskár og í miðjum Vaglaskógi. Í húsinu eru fjögur svefnherbergi, góð stofa, sjónvarpsrými, eldhús með öllum búnaði, borðstofa, tvö baðherbergi og þvottaherbergi. Í húsinu er gístaðsæki fyrir 11 manns.

Sængur fylgja en án líns. Upplýsingar um stærðir á dýnum eru inn á heimasíðu félagsins. Öll helstu heimilistæki eru í húsinu, ásamt þvottavél, þurrkara og uppþvottavél. Veturinn 2017 var lagður ljósleiðari í húsið og er því komin þráðlaus nettenging og myndlykill frá Símanum.

Við húsið er stór afgirtur sólpallur og þar er stór heitur pottur. Umhverfis húsið er stór, girtur garður og í honum eru barnaleiktæki. Frábært umhverfi, veðursæll og rómaður staður fyrir fjölskylduna.



Hægt er að tjalda á lóðinni og því er þetta staður stórfjölskyldunnar.

Leigutímabil: Sumarleiga frá 5. júní til 21. ágúst.

Skiptidagar: Húsið leigist eina viku í senn. Afhending hússins til komugesta er kl. 15 á föstudögum en dvalargestir þurfa að afhenda húsið kl. 11 á skiptidögum.

Lyklar: Afhentir á skrifstofu FVSA.

Verð: 50.000 kr. vikan.

Illugastaðir, hús nr. 2 og 19

Klassískur fjölskyldustaður eins og hann gerist bestur hér á landi. Mikið við að vera og óteljandi möguleikar í dagsferðum, gönguferðum og annarri afþreyingu.

Félagið er með tvö hús í sumarhúsabyggingdinni á Illugastöðum í Fnjóskadal. Við húsin er heitur pottur og gasgrill. Sængur, koddar og tuskur fylgja húsunum en taka þarf með sér lín eða þá leigja það hjá umsjónarmanni í þjónustumiðstöð. Á svæðinu er sundlaug með heitum potti, minigolf, barnaleikvöllur og lítil verslun. Klassískur fjölskyldustaður eins og hann gerist bestur. Óteljandi möguleikar á dagsferðum, gönguferðum og annarri afþreyingu.

Haustið 2017 var lagður ljósleiðari í öll húsin á svæðinu. Í húsin er því komin þráðlaus nettengin og myndlykill frá Vodafone þar sem leigjendur hafa aðgang að heilmikilli afþreyingu í gegnum Vodafone PLAY.



Hús nr. 2 - 25.000 kr. vikan. Í þessu húsi er svefnrými fyrir sex manns, auk svefnsófa í stofu.

Hús nr. 19 - 28.000 kr. vikan. Húsið er á tveimur hæðum með svefnrými fyrir sex manns, auk svefnsófa í stofu og rúmi í borðstofu. Á efri hæðinni er sofa, tvö svefnherbergi og baðherbergi með sturtu. Á neðri hæðinni er vel búið eldhús og borðstofa, gufubað og baðherbergi með sturtu.

Leigutímabil: Sumarleiga frá 5.júní til 21. ágúst.

Skiptidagar: Húsin leigjast eina viku í senn. Afhending húsanna til komugesta er milli kl. 16 og 21 á föstudögum en dvalargestir þurfa að afhenda húsin eigi síðar en kl. 12 á skiptidögum.

Lyklar: Afhentir hjá umsjónarmanni á Illugastöðum gegn framvísun leigusamnings.

Miðhúsaskógur, Bláskógabyggð

Margt er við að vera og skemmtileg afþreying í nánasta umhverfi. T.a.m. úrval gönguleiða, minigolf, ærslabelgur, frísbí-golf, aparóla, sparkvellir, körfuboltavöllur o.fl. Sandkassi er við hvert hús og leiktæki í hverjum botnlanga.

Sumarhúsið er í Miðhúsaskógi, Bláskógabyggð, og er í um 17 km fjarlægð frá Laugarvatni, þar sem hægt er að sækja alla almenna þjónustu, m.a. sundlaug og matvöruverslun. Húsið er 55 fm með þremur svefnherbergjum og gistiþlássi fyrir sjö manns. Í húsinu er setu- og borðstofa með eldhúskrók og baðherbergi með sturtu.



Húsinu fylgja öll venjuleg eldhúshöld, borðbúnaður, gasgrill og uppþvottavél. Leigjendur verða að hafa með sér lín, handklæði, diskapurrkur og þvottaefni í uppþvottavél. Heitur pottur er við húsið.

Leigutímabil: 5. júní til 21. ágúst.

Skiptidagar: Húsið leigist eina viku í senn. Leigutakar mega koma frá kl. 17.00 og brottför er í síðasta lagi kl. 12.00 á föstudögum.

Verð: 32.000 kr. vikan.

Lyklar: Eru í lykaskáp við útidyr. Lyklum skal skilað í lykaskápinn aftur við brottför.

Flókalundur í Vatnsfirði á Barðaströnd

Skemmtileg staðsetning og rómuð veðursæld. Ýmsir möguleikar í dagsferðum, gönguferðum, fjöruferðum og þannig mætti áfram telja. Staðurinn nýtur mikilla vinsælda meðal félagsmanna.

Í húsinu eru tvö svefnherbergi, með gístiplássi fyrir sex manns, ásamt setu- og borðstofu með eldhúskrók sem geymir öll helstu eldhústæki og baðherbergi með sturtu. Sjónvarp er í húsinu og gasgrill. Sundlaug með heitum potti er einungis til afnota fyrir gesti sem dvelja í orlofshúsabyggingdinni.

Leigutímabil: 12. júní til 14. ágúst.

Skiptidagar: Húsið leigist eina viku í senn. Leigutakar mega koma eftir kl. 16.00 og brottför er í síðasta lagi kl. 12.00 á skiptidögum.

Lyklar: eru í lykklaskáp sem staðsettur er við útidyr. Lyklum skal skilað í lykklaskápinn aftur við brottför.

Verð: 30.000 kr. vikan.



Einarsstaðir á Héraði

Þægilegur staður í hjarta Austurlands með mikla möguleika á dagsferðum í allar áttir. Mikil afþreying er í boði á þessu svæði. Leikvöllir eru á svæðinu fyrir börn. Mini-golf er á svæðinu og það fylgja tvær golfkylfur og kúlur hverju húsi. Á Egilsstöðum er hægt að sækja alla almenna þjónustu, matvöruverslanir, matsölustaði, apótek, flugsamgöngur, tækjasal, sundlaug með rennibraut, heitum pottum og fleiru.

Húsið er nr. 19 og er 45 fermetrar. Það skiptist niður í þrjú svefnherbergi, stofu, eldhús og baðherbergi með sturtu. Í tveimur herbergjanna eru tvíbreið rúm og koja þar yfir, en kojur í minna herberginu. Gasgrill og garðhúsgögn ásamt heitum potti eru við húsið. Hjá umsjónarmanni er hægt að fá leigt lín og handklæði, einnig er hægt að fá lánað barnarúm, barnastól og aukadýnur. Í húsinu er allur búnaður miðaður við átta manns.



Leigutímabil: 5. júní til 21. ágúst

Skiptidagar: Húsið leigist eina viku í senn. Leigutakar mega koma milli kl. 16 og 19 á föstudögum en dvalargestir þurfa að rýma þau í síðasta lagi kl. 12.00 á skiptidögum.

Lyklar: eru í lykklaskáp sem staðsettur er við útidyr. Lyklum skal skilað í lykklaskápinn aftur við brottför.

Verð: 30.000 kr. vikan

Umsóknarfrestur er til 25. mars 2020. Allar íbúðir og bústaðir félagsins eru reyklausir og stranglega bannað að hafa í þeim gæludýr. Komið hafa upp slæm ofnæmistilfelli vegna þeirra.

Styrkir úr sjúkrasjóði

Verkefni sjúkrasjóðs er að veita félögum FVSA fjárhagsaðstoð í veikinda- slysa-, og dánartilvikum. Einnig vinnur sjóðurinn markvisst að fyrirbyggjandi aðgerðum sem snerta öryggi og heilsufar félagsmanna, t.d. með því að niðurgreiða að hluta kostnað við líkamsrækt, nudd, sálfræðipjónustu o.m.fl.

Rúmlega 75 milljónir greiddar úr sjúkrasjóði á síðasta ári

Árið 2019 voru í heildina greiddir styrkir úr sjúkrasjóði upp á 25.159.428 kr., samtals 1593 styrkir til 916 félagsmanna. Greiðslur sjúkradagpeninga hækkuðu verulega milli ára en heildargreiðslur sjúkradagpeninga voru 50.526.689 kr. fyrir árið 2019, sem er 15% aukning milli ára. Alls var greiddur 191 mánuður í sjúkradagpeninga til 70 einstaklinga. 72% þeirra eru konur og 28% eru þritugir eða yngri.

Áhugavert er að nefna að töliverð aukning varð milli ára í styrkjum úr sjúkrasjóði vegna krabbameinsleitar og sálfræðipjónustu en heildargreiðslur úr sjúkrasjóði 2019 voru rétt rúmar 75 milljónir.

Hámarksstyrkur 60.000 36.000

Styrkir úr sjúkrasjóði	Hlutfall af reikningi	Drep 1	Drep 2
Sjúkraþjálfun	75%	50.000	30.000
Krabbameinsleit	85%	10.000	3.000
Líkamsrækt	50%	30.000	18.000
Sálfræðipjónusta	50%	35.000	15.000
Sjúkranudd / hnykk	35%	25.000	10.000
Nudd (dekur)	35%	15.000	5.000
Heyrnartæki (á 3 ára fresti)	35%	25.000	10.000
Gler og linsur (á 3 ára fresti)	35%	25.000	12.000
Glasa/tæknifrjógungun	50%	55.000	33.000
Lasik augnaðgerð (á 3 ára fresti)	35%	55.000	33.000

Útfararstyrkur til greiðandi félaga 400.000

Útfararstyrkur til lífeyrisþega 150.000

Vímuefnameðferð: Sjúkradagpeningar meðan á meðferð stendur.

Ellilífeyrisþegar halda rétti sínum í sjúkrasjóði í 7 ár eftir síðustu greiðslu. Öryrkjar halda rétti sínum í sjúkrasjóði í 2 ár eftir síðustu greiðslu.

Drep 1: Fullan rétt til styrkja eiga þeir félagsmenn sem greitt hafa kr. 34.489 í félagsgjald á síðustu 12 mánuðum. Viðmiðið er byrjunarlaun 20 ára.

Drep 2: Þeir sem greitt hafa frá kr. 7.000 til 34.489 kr. í félagsgjald s.l. 12 mánuði (eða laun frá kr. 50.000 að byrjunarlaunum 20 ára).


Okkur vantar myndir

Í nóvember 2020 mun Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni (FVSA) fagna 90 ára afmæli sínu. Af því tilefni er nú unnið að ritun sögu félagsins. Góðar myndir segja alltaf sína sögu og nú leitum við að sem flestum slíkum til að nota í þetta merka rit.

Átt þú góða(r) mynd(ir)?

Við leitum til félagsmanna og annarra íbúa á félagssvæði FVSA. Eigið þið myndir sem tengjast sögu félagsins? Meðal mynda sem gætu hentað eru:

- Myndir úr verslunum fyrri ára og öðrum fyrirtækjum þar sem félagsmenn FVSA starfa/störfuðu.
- Götumyndir og/eða myndir af einstökum verslunum/fyrirtækjum.
- Myndir frá merkum stundum í sögu félagsins, t.d. fundum og öðrum samkomum. Myndir frá verkfallsátökum fyrri ára. ... og þannig mætti lengi telja!




Ef þú átt mynd eða myndir sem falla undir ofangreinda lýsingu, hafðu þá samband við okkur í gegnum facebook-síðu félagsins eða með því að senda okkur póst á fvsa.is

Einnig má hringja í síma 455-1050


Verðlaunakrossgáta

Í tilefni af 90 ára afmæli FVSA síðar á árinu bregðum við á leik og bjóðum lesendum að spreyta sig á að ráða krossgátuna hér að neðan. Höfundur hennar er Bragi V. Bergmann. Ef gátan er rétt ráðin upplýsa stafirnir í tölusettu reitunum 1-28 ákveðna staðreynd. Dregið verður úr réttum lausnum og hljóta tveir heppnir þátttakendur í verðlaun helgardvöl í

sumarbústað/íbúð FVSA í vetrarleigu eða inneignarkort að upphæð 10.000 kr. hjá Air Iceland Connect. Skilafrestur er til 27. mars nk. *Til að vera með þarf að senda setninguna inn sem lausn, ásamt nafni og heimilisfangi á netfangið fvs@fvs.is eða með pósti á FVSA, Skipagötu 14, 600 Akureyri, merkt „Krossgáta“.*



		Lausn: Tölusettir reitir nr. 1-28											
		1	2	3	4	5	6	7					
Títt	4	Reiðir	Nötu Akaf-ari	Hnaysli Rám	Manns Erfiði	20		8					
→			1	↓	15			9					
Káta								10					
kona Vá-fengir		7		x				11					
→				Röfl Öhrain-indum		8		12					
Bolta-leikur Gróður	9			Öhljóð Rof			Byli	13					
BB ↓	Tré	Röst	Nokkur	Garjar Sigauði	Klukka Sandrif	Gargar	Dusil-menni	Leik-taki Egat	19	Djrf með kryppu	14		
Tjóðror Nýjan-Rail								Ólyfan Hústi-ri Mædur	24		15		
Fimt			10		Gangur hratt			kona Frá			Manni Að-auki	16	
Keyrðun Einga-urum			23			13				y		17	
Fræri					Flát Gata Sprautum			Natt				22	18
↳ 25													19
													20
Bogi					Hólmi Storka		Megin	Fástípt in Rófa	6		Fældir		20
													21
													22
Ofan-koma	Hötif ýlfur	Æst Snæða		Mann Mæks	Lasta Daig-usku								23
													24
													25
													26
													27
													28
													29
													30
													31
													32
													33
													34
													35
													36
													37
													38
													39
													40
													41
													42
													43
													44
													45
													46
													47
													48
													49
													50
													51
													52
													53
													54
													55
													56
													57
													58
													59
													60
													61
													62
													63
													64
													65
													66
													67
													68
													69
													70
													71
													72
													73
													74
													75
													76
													77
													78
													79
													80
													81
													82
													83
													84
													85
													86
													87
													88
													89
													90



Tímaflakkið – Verslanir og skrifstofur nú og þá

Í tilefni 90 ára afmælis FVSA fannst okkur tilvalið að skoða vinnustaði verslunar- og skrifstofufólks í gegnum tíðina. Það eru eflaust einhverjir sem muna tímana tvenna en töluvert mikið hefur breyst í þessum atvinnugreinum undanfarna

áratugi og þá sérstaklega í því sem við kemur tæknivæðingu. Einnig má greina breytingar í vöruúrvali og einhverjar mannbreytingar virðast hafa orðið. Því heimsækjum við vinnustaði félagsmanna árin 1965 til 2020.




Hrísalundur 5 hefur séð Akureyringum fyrir matvörum til margra ára en eins og sjá má var margmenni viðstatt við opnun kjörbúðar KEA árið 1979. Vöruúrval hefur eitthvað breyst og umhverfið sömuleiðis í Nettó, versluninni sem nú er rekin í Hrísalundi, árið 2020. Það er þó hægt að ganga að því sem vísu að kjötið hefur ekki farið langt á þessum 40 árum og haldið sig í austurendanum.



Það er nokkuð ljóst að afgreiðsla hefur aðeins breyst á 55 árum. Til vinstri sést Baldur Ágústsson, útibústjóri KEA við Brekkugötu 1, afgreiða viðskiptavin árið 1965. Í samanburði sjáum við svo viðskiptavin afgreiða viðskiptavin árið 2020.



Launaútborgun KEA á sjöunda áratugnum þegar laun voru afgreidd þannig að peningar voru settir í umslög (upp á hvern aur) og afhentir starfsmönnum vikulega. Á myndinni eru þeir Baldur Eiríksson, Jóhann Heiðar Sigtryggsson og Kristinn Þorsteinson. Í samanburði sjáum við nýjasta útibú Arion banka, þar sem bent er á að sjálfafgreiðsla í heimabanka er aðgengileg allan sólahringinn.



Við litum inn á skrifstofu KEA á sjöunda áratugnum. Þar voru starfsmenn í óðaönn að pikka inn launatékka og reikninga félagsins á tryllitækin sem sjást hér á mynd. Við kíktum aftur inn á skrifstofu KEA 2020 þar sem sama var upp á teningnum, en verkfærin orðin töluvert meðfærilegri.

Tímaflakkið: Verslanir og skrifstofur þá og nú



Árið er 1956. Ljósmyndari: Gunnlaugur P. Kristinsson.

Í tilefni afmælisins ákváðum við að líta inn í verslanir og skrifstofur bæjarins síðustu áratugi. Úr varð skemmtilegur samanburður enda talsverðar breytingar búnar að eiga sér



Árið er 2020. Ljósmyndari: Ingibjörg Bergmann.

stað á þessum 90 árum sem félagið hefur verið starfrækt. **Kíktu á bls. 18** til að taka þátt í tímaflakkinu með okkur.

Hver er minn réttur?

Það er ýmislegt sem við þurfum að fylgjast með í vinnunni okkar sem ekki alltaf er farið eftir. Hér eru nokkrir punktar um hverju þú átt rétt á en vissir kannski ekki af:

Á hverju ári:

- Ég á að fá greidda orlofsuppbót í júní.
- Ég á að fá greidda desemberuppbót í desember.
- Ef kjarasamningum er breytt á ég að fá launahækkun sjálfkrafa. Fylgjumst með inn á www.fvsa.is

Daglega:

- Ég á að vita nákvæmlega hvenær vaktin mín hefst og hvenær hún endar.
- Vaktaplan á að gefa út með 4 vikna fyrirvara. Ég á að vita það með mánaðar fyrirvara hvenær ég er að vinna.
- Þegar ég vinn á laugardögum og sunnudögum á ég alltaf að fá lágmark 4 tíma í eftir-/yfirvinnu borgaða, þó svo ég vinni styttra.

Ef þú ert í einhverjum vandræðum með að skilja launaseðilinn þinn eða þér finnst ekki farið eftir þessum reglum, kíktu þá við á skrifstofu FVSA, hringdu í okkur í síma 455 1050 eða sendu tölvupóst til fvsa@fvsa.is og við hjálpum þér.

- Ef ég vinn utan dagvinnutímabils á ég að fá borgaða eftirvinnu.
- Ef ég vinn meira en 171,15 klst. (í afgreiðslustarfi) og 162,5 klst. (í skrifstofustarfi) þá á ég að fá borgaða yfirvinnu.
- Afgreiðslufólk í dagvinnu á rétt á ½ - 1 klst. í matartíma á tímabilinu kl. 12:00 - 14:00 (launalausn matartíma).
- Afgreiðslufólk í dagvinnu á rétt á 35 mínútna kaffitíma á dag, miðað við dagvinnu.